


# BARNABÍLSTÓLAR VÍS

Tryggðu barninu þínu öruggt sæti


## BeSafe iZi Comfort – framvísandi




VÍS



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3

### BeSafe iZi Comfort er einfaldur, öruggur og þægilegur

BeSafe iZi Comfort barnabílstólarnir eru fyrir börn 9–18 kg að þyngd. Barnið er öruggt í stólnum sínum, það fer vel um það, auk þess sem það sér vel út og getur fylgst með umhverfinu. Ef barnið þarf að hvílast á meðan ekið er má halla stólnum aftur svo það geti sofnað í þægilegri stellingu. BeSafe iZi Comfort stóllinn er með sérstakri beltastefingu efst á stólbakinu sem gerir hann mun öruggari en tíðkast með framvísandi stóla.

BeSafe iZi Comfort hefur fengið vottun eftir ECE 44 03 staðlinum. Stóllinn er flokkaður sem „universal“ eftir ströngum skilyrðum og hentar því í þá bíla þar sem tilgreint er í leiðbeiningum frá framleiðanda að bílsætið hæfi fyrir „universal“ barnabílstóla.

BeSafe iZi Comfort er framvísandi barnabílstóll fyrir börn 9–18 kg að þyngd. Rannsóknir sýna að öryggi barnsins á þessu þroskaskeiði sé best tryggt með því að vera í stól sem snýr baki í akstursstefnu. Mælt er með því að foreldrar kynni sér bakvísandi stóla fyrir börn á þessu þroskaskeiði, en VÍS býður einnig upp á bakvísandi stóla í vöruframboði sínu.


### Hafið í huga

- Farið eftir þessum leiðbeiningum við að festa stóllinn í bílinn. Það er mikilvægt að festa stóllinn rétt svo öryggi barnsins sé tryggt.
- Það er stranglega bannað að festa BeSafe iZi Comfort í framsæti fyrir framan virkan loftpúða. Í sumum bílum er hægt að taka loftpúðann í framsætinu úr sambandi. Settu þig í samband við þitt bílaumboð til að fá nánari upplýsingar.
- Ef einhver vandamál koma upp er hægt að fá aðstoð hjá VÍS í síma 560 5000.


## Að festa BeSafe iZi Comfort í bílinn

1. Settu stólinn í sæti bílsins. Opnaðu báðar beltafestingarnar efst á hliðunum og flettu flípanum í höfuðpúðanum fram á við, þannig að leiðbeiningarmyndirnar verði sýnilegar (sjá mynd 1).
2. Dragðu bílbeltið út og leggðu mjaðmahluta bílbeltisins í kringum sökkul stólsins og festu beltíð í beltalásinn í bílnum. Þræddu beltíð í gegnum beltafestingarnar efst á hliðum stólsins (sjá mynd 2).
3. Þrýstu bílstólnum vel inn og niður í sætið. Mjaðmahluti bílbeltisins strekkist fyrst, þar á eftir strekkist axlarhluti bílbeltisins frá lás beltisins og upp (sjá mynd 3).
4. Dragðu axlarhluta bílbeltisins í gegnum beltafestingarnar og lokaðu þeim, bílbeltið situr nú fast (sjá mynd 4).
5. Dragðu beltastrekkjarann á sökkli stólsins í þá átt sem pílan bendir (sjá mynd 5).
6. Gættu þess að bílstóllinn sé rétt festur og tilbúinn til notkunar (sjá mynd 6).
7. Fullvissaðu þig um að barnabílstóllinn sé nú stöðugur (sjá mynd 7), að öðrum kosti, endurtaktu ferlið hér að framan. Brettu höfuðpúðann aftur á sinn stað þannig að myndin með leiðbeiningunum sé hulin (sjá mynd 8). BeSafe iZi Comfort er nú kominn á sinn stað.


Mynd 4




Mynd 5




Mynd 6



Mynd 7



Mynd 8



Mynd 9


## Að festa barnið í stólinn

1. Slakaðu á axlarólunum og leggðu þær yfir handastuðninginn á hliðunum. Það slaknar á ólunum þegar þær eru dregnar út um leið og þrýst er á miðstillingarhnappinn. Settu barnið í stólinn. Ólarnar eru settar yfir axlir barnsins og festar í lásinn. Strekkt er á ólunum með því að toga í miðstillingarbeltið (sjá mynd 9). Passaðu að ekki snúist upp á ólarnar. Þær eiga að vera eins strekktar og mögulegt er, má einungis vera pláss fyrir tvo fingur milli barnsins og ólanna.
2. Axlarólarnar er hægt að hafa í þremur mismunandi stillingum. Rétt hæð er samsíða öxlum barnsins eða ofar. Hæðin er stillt með því að losa hæðarstillinguna aftan á baki stólsins. Henni er lyft upp eða niður eftir atvikum og smellt á réttan stað (sjá mynd 10). Ólarnar eru því næst settar á réttan stað á framhlið stólbaksins.
3. Handföngin á hliðum stólsins eru notuð til að skipta frá setstillingu yfir í legustillingu (sjá mynd 11).

## Mikilvæg ráð

- Það má ekki nota BeSafe iZi Comfort fyrir en barnið er orðið 9 kg að þyngd.
- Athugaðu hvað notendaleiðbeiningar bílsins segja um notkun barnabílstóla.
- Strekktu bílbelti bílsins og ólarnar í barnabílstólnum þéttingsfast. Það er mikilvægt að bæði stóllinn og barnið sitji fast, án þess að það valdi barninu óþægindum.
- Gættu þess að enginn snúningur myndist á ólunum.
- Engar breytingar má gera á stólnum eða ólunum. Það getur leitt til alvarlegra áverka við árekstur.
- Það má einungis festa stólinn skv. þessum leiðbeiningum.
- Eftir umferðaróhapp þarf að skipta út bæði stólnum og beltunum.
- Láttu farþega í bílnum vita hvernig auðveldast sé að losa barnið úr stólnum, það getur reynst dýrmætt ef til umferðaróhapps kemur.
- Skildu barnið aldrei eitt eftir í bílnum, óháð því hvort það sé spennt í stólinn eða ekki.
- Passaðu upp á leiðbeiningarnar. Geymdu þær í vasa stólsins á bakhlið hans.
- BeSafe iZi Comfort má ekki nota án áklæðis. Ef skipta þarf um áklæði er mikilvægt að einungis sérhannað áklæði sé notað.
- Öllum lausum hlutum eða farangri í bílnum þarf að koma þannig fyrir að þeir valdi ekki skaða við árekstur.
- Þvottaleiðbeiningar:






Mynd 10


## Áklæðið losað og fest

Til þess að taka áklæðið af þarf að lyfta því af sessunni svo hægt sé að losa ólarnar af málmkrókunum í botni sætisins (sjá mynd 12). Lyftið síðan áklæðinu af stólnum.

Það er mjög mikilvægt að ólarnar séu kræktar rétt þegar áklæðið er sett á aftur (sjá mynd 12).



Mynd 11



Mynd 12

- **Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur**

Öruggur barnabílstóll er nauðsynlegur í alla bíla þar sem börn eru farþegar. Það á ekki síður við þegar þau ferðast með afa og ömmu eða öðrum þeim sem stöku sínum hafa börn sem farþega. Börn eiga aldrei að ferðast í bíl án barnabílstóls.

- **Hvers vegna ættir þú að leigja barnabílstól hjá VÍS?**

Barn þarf þrjá bílstóla á proskaskeiði sínu svo hámarksöryggis sé gætt og að öryggisbúnaður henti stærð og þyngd barnsins. Barnabílstólar VÍS eru hagkvæm og örugg lausn, því auðvelt er að skipta stólunum út eftir því sem barnið stækkar. Barnabílstólar VÍS vaxa með barninu.

- **Öflugt eftirlit**

Barnabílstólar VÍS sem koma úr leigu eru vandlega yfirfarnir af sérhæfðu starfsfólki VÍS áður en þeir fara í leigu á ný. Komi í ljós minnsti galli eða slit á burðarvirki stólanna eru þeir umsvifalaust teknir úr notkun. Öflugt eftirlit VÍS tryggir að barnið njóti ávallt fyllsta öryggis.

- **Allir geta tryggt öryggi barna sinna hjá VÍS**

Foreldrum og forráðamönnum barna gefst kostur á að leigja barnabílstólana hjá VÍS óháð því við hvaða tryggingafélag er skipt. Með þessu vill VÍS gefa öllum kost á að tryggja börnum sínum hámarksöryggi í bílnum.

- **BeSafe iZi Comfort**

Tryggir öryggi barnsins frá 9–18 kg að þyngd.



Barn undir 150 cm að hæð má aldrei sitja fyrir framan virkan loftpuða

